

Sameiginlegur stjórnarfundur SK og SN í Íþróttahúsi Njarðvíkur 23. júní 2008 kl.19:00

Mættir:

SK:Guðmundur, Guðrún, Þórhildur, Elín, Sigurbjörg, Sigga, Júlíus, og Lilja.

SN:Guðný, Herdís, Brynja og Helga.

Auk þess voru boðuð og mættu: Niels, Hjördís, Edvarð, og sex fulltrúar SSÍ þau Hildur Karen, Hörður, Lúther, Ólafur, Málfríður og Þröstur.

1.mál AMÍ

Almenn umræða um nýyfirstaðið AMÍ, sem var nú keyrt með nýju sniði. Tekin voru saman bæði jákvæð atriði og atriði sem þarf að skoða betur, sjá punkta aftast í þessu skjali.

2.mál Bikar 2008

Tillaga um tímaramma mótsins var ákveðin að öllu óbreyttu.(ekki er á þessari stundu vitað hve mörg lið synda í 2.deild).

Á föstudag kl.17.00-18.30 1.hluti 2.deild

kl.19.30-21:00 1.hluti 1.deild

Á laugardag kl.8.30-10.30 2.hluti 2.deild

kl.11.30-14.1 2.hluti 1.deild

kl.16.00-1730 3.hluti 2.deild

kl.18.30-20.45 3.hluti 1.deild.

Þessi tímarammi mun breytast ef ekki verður fullskipað í 2.deild og hún mögulega keyrð með 1. deild, SSÍ mun ræða það og ákveða n.k. miðvikudag.

Hver hluti verður keyrður án hlés.

Boðið verður upp á gistingu bæði fyrir keppendur og dómara.

Boðið verður upp á kvöldmat á föstudagskvöld og á laugrdegnum verður morgunmat og hádegismatur.

Mótstjóri verður Guðmundur Jón Bjarnason .

Guðmundur kom með þá tillögu að lið sendi inn skráningar til Hildar Karenar tímanlega. Hún ein myndi vita hvaða sundmenn eiga að synda í tilteknum sundum, þannig að hægt verði að undirbúa mótaskrá í rölegheitum. Sé þetta gert verður keyrsla mótsins þægilegri og minni líkur á að mótið dragist. Stjórn SSÍ mun ræða þetta og útfæra á næsta SSÍ fundi.

3.mál.Foreldrafundur vegna Calella

Eftir 2. mál yfirgáfu fulltrúar SSÍ fundinn og foreldrafundur hófst vegna Calella.

Fundarmenn voru upplýstir um Bikarkeppnina og boðið að skrá sig í verkefni.

Farið var yfir helstu punkta varðandi æfingaferðar sunddeildar ÍRB til Calella á Spáni 28.júlí-8.ágúst 2008, þeir punktar voru teknir saman til að setja á www.keflavik.is/Calella. Greiðslufyrirkomulag var einnig fastsett.

Fararstjórar verða Guðmundur, Júlíus, Dóra og Helga. Þeir þjálfarar sem fara eru þau Eddi og Sóley.

Drífa eiginkona Guðmundar mun fara með sem farþegi og greiða sína ferð sjálf.

Fundslitið kl.22.00.

Fleira ekki rætt

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Ritari Guðbjörg Lilja Jonsdóttir.

Punktar um AMÍ 2008 í Reykjanesbæ, með áherslu á hvað er hægt að bæta

Jákvætt

- Mótið gekk vel fyrir sig og var í það heila tekið skemmtilegt
- Gott að bæta við eldri sundmönnum – jákvætt
- Úrslitahluti – skemmtilegra en við þjuggumst við
- Stemming góð í úrslitahlutunum
- Frábært að geta veitt 3 verðlaun fyrir 12 ára og síðan 11 ára og yngri.

Þarf að skoða betur

- Allt of stíft mót – ekki hægt að keyra það eins á næsta ári vegna sundmanna, starfsmanna og þjálfara sem ekki komust t.d. í mat.
- Fimmtudag og föstudag var fremur fámenn í húsinu, stemming betri laugardag og sunnudag
- Vantar meiri stemmingu fyrir yngri sundmenn
- Ekki að vera að blanda saman einstaklingskeppni og liðakeppni
- Yngri keppendur afskipt
- Vill stokka AMÍ 2 inní AMÍ 1 – gefur þá mynd að þetta sé meistaramót
- Skoða þarf hvenær sundmenn taka stig – undanúrslit eða í úrslitum.
- Ábyrgð félaganna sjálfra á mótinu t.d. á skemmtun og mat fyrir sína keppendur.
- Of mikið álag í úrslitahlutum og á yngri krakkana
- Fækka greinum á sundmenn – 6 greinar á sundmann
- Margar úrskráningar, sér í lagi í úrslitahlutum – verðum að skoða það.
- Allir saman á morgnana og síðan úrslit kl. 16:00
- Gera meiri kröfur á félögin varðandi starfsmenn og annað.
- Fleiri greinar í verðlaunum
- Of langt og strangt
- Stutt á milli greina hjá litlu krökkunum.
- Spurning um að láta 11 og yngri og 12 ára synda saman, áhorfendur vita ekki hver vann.
- Ef kemur til „swim off“ þá er erfitt að framkvæma það vegna þess hve mótið er stíft (kæmi inn í annan mótshluta).

Aðrar athugasemdir

- E.t.v. of margir í riðlastjórn - Nóg að hafa tvo í riðalstjórn í úrslitahluta og hjá 12 ára og yngri ef ekki verður fjölgun á keppendum.
- E.t.v. of margir í tækniherbergi í sama hluta - Nóg að hafa tvo í tækniherbergi þegar tímatökustjóri er til staðar.